

öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin sliki afskipti haft af landlegu báta, sem Þórður Guðmundsson telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Þriðjudaginn 19. september 1944.

Nr. 7/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness**
(Eggert Claessen hrl.)
gegn

**Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómanna-
félags Gerða- og Miðneshrepps**
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólögnað verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. maí f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðness gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps.

Tildrög máls þessa og málsatvik eru þessi:

Haustið 1942 kom til kaupdeilu um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps annars vegar, sem hér eftir verður nefnt verklyðsfélagið, og þriggja vinnuveitenda hins vegar, Hraðfrystihúss Gerðabátanna h/f, H/f Miðness og H/f Garðs. Auglýsti verklyðsfélagið taxa 8. okt. 1942, en nefndir vinnuveitendur neituðu að fara eftir honum og 4. jan. 1943 tilkynntu þeir verklyðsfélaginu, hvaða kaup þeir ætluðu að greiða.

Þetta sama haust sagði verklyðsfélagið einnig upp samningi um kaup og kjör verkafólks í venjulegri verkamannavinnu, sem það hafði gert við Útvegsbændafélag Gerðahrepps 7. jan. 1942, en útvegsbændafélagið virðist ekki hafa átt í neinum samningum við verklyðsfélagið þetta haust um endurnýjun þess samnings.

Hins vegar var þá í gildi, og er enn, samningur milli verklyðsfélagsins og útvegsbændafélagsins, ódagsettur, en að sögn beggja aðilja frá 7. jan. 1942, um hlutaskipti á vélbátum, og

náði sá samningur til þeirra, er störfuðu að útgerð bátanna, sjómanna og landmanna.

Hinn 12. jan. 1943 hafði enn eigi komizt á samkomulag í nefndri kaupdeilu og tilkynnti þá Alþýðusamband Íslands vinnuveitendum, að það hefði samkvæmt heimild í 12. gr. laga alþýðusambandsins tekið málið í sínar hendur, að því er verklyðsfélagið snerti. Samningar tókust þó ekki, og þann 17. janúar tilkynnti alþýðusambandið framangreindum þremur hlutafélögum og útvegsbændafélaginu, að verkfall mundi hefjast þann 25. s. m., ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir þann tíma um kaup og kjör þeirra karla og kvenna, er hjá þeim ynnu, en ákvörðun þessi hafði verið samþykkt í verklyðsfélaginu með almennri atkvæðagreiðslu dagana 14. og 15. s. m. Að tilhlutan sáttasemjara ríkisins hófst verkfallið þó ekki fyrr en að morgni þess 27. jan. 1943 og náði það til allrar venjulegrar verkamannavinnu hjá nefndum vinnuveitendum, þar á meðal hjá öllum félagsmönnum útvegsbændafélagsins. Jafnhliða þessu stöðvuðuzt róðrar á bátum félagsmanna í útvegsbændafélaginu og bátum H/f Miðness, sem ekki er í því félagi. Þann 29. janúar, að kvöldi, komuzt á samningar milli útvegsbændafélagsins og verklyðsfélagsins um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu. Hófust upp úr því róðrar aftur á bátum útvegsbænda annarra en þeirra, sem riðnir voru við Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f og H/f Garð.

Á bátum þeim, sem stefnandi gerði þá út, Muninum G.K. 342 og Mugg G.K. 15, hófust róðrar ekki fyrr en eftir að samningur hafði komist á milli verklyðsfélagsins og hlutafélaganna þriggja um kaup og kjör í almennri verkamannavinnu í landi, en hann var undirritaður að kvöldi þess 1. febrúar 1943.

Stefnandi telur, að róðrar á bátum félagsmanna útvegsbændafélagsins, og róðrar á þeim bátum, sem hann gerði út, hafi stöðvazt vegna ólögmaetra aðgerða annars hvors hinna stefndu. Hafi hann af þeim sökum orðið fyrir fjártjóni. Er mál þetta höfðað til greiðslu sekta og skaðabóta.

Dómkröfur stefnanda, sem *aðallega* er heint gegn Alþýðusambandi Íslands, en *til vara* gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerða- og Miðneshrepps, eru þessar:

1. að viðurkennt verði, að umrætt verkfall, sem gert var 27. jan. síðastl., hafi verið ólöglegt að því er snerti vélbát-útgerð H/f Miðness, sérstaklega vélbátana Muninn og Mugg.

2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt eftir ákvörðun dómsins vegna hins ólöglega verkfalls,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 5817.39 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og til þrautavara, að bætur verði ákveðnar eftir mati dómsins,
4. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með hlutaskiptasamningnum frá 7. jan. 1942 hafi verið komnir á samningar milli verklýðsfélagsins og útvegsbændafélagsins um kjör hlutarmanna. Þeir hafi því ekki átt í neinni deilu og verið óheimilt að leggja niður vinnu, þótt deila væri um kaup og kjör í þess konar landvinnu, sem ekki snerti róðra bátanna. Stefnandi kveðst nú að vísu ekki vera félagi í útvegsbændafélaginu, en hann hafi hins vegar farið eftir nefndum hlutaskiptasamningi um ráðningu á báta sína, þar á meðal í ársbyrjun 1943. Hafi enginn ágreiningur verið milli sín og verklyðsfélagsins um ráðningarkjör hlutarmanna, heldur hafi félagið verið samþykkt því, að hann réði hlutarmenn á báta sína samkvæmt ákvæðum nefnds samnings við útvegsbændafélagið. Telur hann, að bátarnir hafi stöðvazt sökum þess, að verkfallið hafi, að fyrirskipan alþýðusambandsins og verklyðsfélagsins, líka verið látið ná til hlutarmanna, bæði sjó- og landmanna. Vegna samningsins frá 7. jan. 1942 og nefndrar framkvæmdar stefnanda um ráðningarkjör hlutarmanna hafi þetta verið algerlega óréttmætt, enda engin ákvörðun tekin um það sérstaklega í verklyðsfélaginu né tilkynning um slíkt send stefnanda né útvegsbændafélaginu. Heldur stefnandi því eindregið fram, að róðrar hefðu getað haldið áfram þrátt fyrir verkfall landverkafólksins, því hlutarmenn hefðu ekki á neinn hátt þurft að fara út fyrir sín venjulegu störf, eða inn á starfssvið verkfallsmanna, til þess að afla báttanum nauðsynja til róðra og hirða aflann. Bátarnir hefðu átt þess kost að fá afgreiðslu á olíu og heitu og hefðu því ekki þurft að stöðvast af þeim sökum.

Kröfur sínar á hendur Alþýðusambandi Íslands styður stefnandi þeim rökum, að með því að taka deilumálin í sínar hendur samkvæmt 12. gr. laga þess, beri það ábyrgð á verkfallinu

og afleiðingum þess. En ef svo yrði ekki talið hefur hann, svo sem að framan greinir, gert þær kröfur, að verk lýðsfélagið verði dæmt til greiðslu sekta og skaðabóta fyrir að hafa átt sök á ólögmaetu verkfalli og með því valdið honum tjóni.

Bótakröfur sínar byggir stefnandi á því, að bátar þeir, sem hann gerir út og að framan eru nefndir, hafi misst af nokkrum róðum vegna hins ólögmaeta verkfalls. Verður nánar vikið að skaðabótakröfunni síðar.

Stefndu hafa mælt sig undan allri ábyrgð eða skaðabótaskyldu út af umræddri vinnudeilu.

Halda stefndu því fram, að orsök þess, að bátar stefnanda, eða aðrir bátar, kunni að hafa stöðvazt frá róðrum, hafi verið verkfall landverkafólksins. Hafi stöðvun þeirra komið af sjálfu sér sökum þess, að þeir hafi ekki getað fengið nauðsynlega afgreiðslu, t. d. á olíu og beitu, þar sem þeir menn, sem afgreiddu þessar vörur, hafi verið meðal þeirra, er lögðu niður vinnu. Ekki hafi heldur verið hægt að hirða aflann. Hlutarmönnum hafi hins vegar verið óheimilt að fara inn á verk svið þeirra manna, sem í verkfallinu áttu. Mótmæla stefndu því, að ætlunin hafi verið, að verkfallið næði til hlutarmanna og neita því að hafa gefið fyrirskipun um slíkt, eða að samþykktir þess efnis hafi verið gerðar í verk lýðsfélaginu.

Staðhæfingar stefnanda um að róðrar hefðu ekki þurft að stöðvast vegna verkfallsins, þar sem það sé í verkahring hlutarmanna að vinna nauðsynleg störf í sambandi við róðra og hagnýtingu aflans, eru studdar ýmsum gögnum, sem telja verður nægja sönnun til þess að byggja megi á skýrslu hans um þetta atriði. Verður ekki séð, að verkfall landverkafólksins hafi þurft að leiða til þess, að bátarnir fengju ekki afgreiðslu, þó hlutarmenn héldu sér innan starfssviðs síns. Þessi niðurstaða er og studd þeirri staðreynd, að ekki er sýnt að nokkur fyrirstaða hafi verið á því, að bátar ýmissa félagsmanna útvegsbændafélagsins fengju afgreiðslu eftir að samið hafði verið við það félag 29. janúar, og er þó talið, að afgreiðslumenn, en þeir voru þátttakendur í verkfalli landverkafólksins, hafi ekki tekið upp starfa sinn, fyrr en samningar voru komnir á við hlutafélagin að kvöldi þess 1. febr. s. á. Stefndu hafa ekki heldur sýnt fram á neina sérstaka vinnu verkfallsmanna, sem hlutarmenn hefðu orðið að vinna, til þess að róðrar gætu haldizt. Kemur þá til álita, hvort stefndu hafa átt þann þátt í því að róðrar féllu niður, að saknæmt sé.

Alþýðusambandið.

Af þess hálfu hefur því verið staðfastlega neitað, að það hafi fyrirskipað hlutarmönnum að leggja niður vinnu, enda ekki til þess ætlazt. Hins vegar er viðurkennt, að það hafi sett svokallað afgreiðslubann á báta og bíla deiluaðilja hjá nágrannaverklýðsfélögum. Ekki verður í þessu máli skorið úr um gildi þess afgreiðslubanns, enda ekki sýnt, að það út af fyrir sig hefði þurft að leiða til þess, að bátar stefnanda stöðvuðust frá róðrum þar syðra. Með vitnisburðum ýmissa manna, skipstjóra og skipverja á bátum, er stöðvuðust, eru færðar talsverðar líkur fyrir því, að tilgangur framkvæmdarstjóra alþýðusambandsins hafi verið sá að hindra róðra, með því að fá skipverjana til þess að róa ekki. En gegn eindreginni neitun hans þykja þó ekki alveg nægar sannanir fyrir hendi til þess, að talið verði, að framkoma hans hafi leitt yfir alþýðusambandið sjálfstæða refsí- eða skaðabótaábyrgð út af umræddu verkfalli og ber því að sýkna það af kröfum stefnandans í máli þessu, en málskostnaður að því er það snertir verður látinn falla niður.

Verklýðsfélagið.

Enda þótt mótmælt sé af þess hálfu, að nokkur félags- eða stjórnarsamþykkt hafi verið gerð þess efnis, að hlutarmenn leggðu niður vinnu, er þó viðurkennt, að formaður félagsins og aðrir trúnaðarmenn þess, svo sem ritari og varaformaður, hafi beðið hlutarmenn um að vinna ekki meðan á verkfallinu stæði. Þessi viðurkenning er studd framburðum ýmissa vitna, sem ýmist bera það, að menn þessir hafi beðið hlutarmenn um að leggja niður vinnu eða beinlínis lagt svo fyrir þá, sbr. vitnisburð Óskars Illugasonar, Tryggva Einarssonar, Þorvaldar Halldórssonar, Þorsteins Halldórssonar, Guðjóns Hanssonar, Óskars Jónssonar, Stefáns Sveinbjörnssonar og Árna Árnasonar. Verður að telja nægilega sannað, að þessi framkoma nefndra trúnaðarmanna verklýðsfélagsins hafi orðið þess valdandi, að róðrar féllu niður. En með því að í gildi var áður-nefndur hlutaskiptasamningur frá 7. jan. 1942, sem stefnandi hafði fylgt á þann hátt, sem að framan er greint, þurfti hann ekki að gera ráð fyrir, að verkfallið næði til hlutarmannanna, án þess að slíkt væri boðað sérstaklega, samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta var ekki gert, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að nefndir trúnaðarmenn verklýðsfélagsins hafi með framkomu sinni skapað þau skilyrði, er leitt gætu til refsíábyrgðar fyrir félagið og skaðabótaskyldu

gagnvart þeim útgerðarmönnum, sem verkfall hlutarmanna bitnaði á.

Stefndu hafa lagt fram í málinu vottorð skráningarstjóra, sem sýnir, að lögskráð hefur verið á m/b Mugg G.K. 15 þann 6. jan. 1943, en hinsvegar ekki á m/b Muninn G.K. 342 fyrir en 26. febrúar 1943. Hafa stefndu mótmælt því, að á þá verði lögð refsing eða bótaskylda vegna stöðvunar á róðrum á bátum stefnanda þann tíma, sem enn var ólögskráð á þá.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 53/1930, um lögskráningu, er bannað að leggja lögskráningarskyldu skipi úr höfn, nema skipverjar hafi verið skráðir í skiprúm. Með tilvísun til nefndrar greinar þykir bera að taka framangreinda mótbáru stefndu til greina og verður því ekki talið, að stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps hafi unnið til refsingar eða orðið bótaskyld þótt niður féllu róðrar á bátum, sem ekki fullnægðu skilyrðum nefndra laga, til þess að mega leggja úr höfn. Verður því í máli þessu aðeins lögð refsing og skaðabótaskylda á stefnda Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps fyrir að hafa orðið þess valdandi, að m/b Muggur G.K. 15 komst ekki í róður þann 29. jan. og 1. febr. 1943. En með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nefnt verklyðsfélag hafi með ólögum verkfalli valdið því.

Þar sem verkfalli þessu var komið á, án þess að fylgt hefði verið fyrirráðum 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 hefur verklyðsfélagið gerzt brotlegt við nefndar greinar, og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga, 150 króna sekt í ríkissjóð. Er við ákvörðun refsingarinnar höfð hliðsjón af því, að verklyðsfélagið hefur í málinu nr. 5/1943, með dómi þessa réttar 10. júlí s.l., verið dæmt til greiðslu sektar vegna verkfalls þessa og sömuleiðis á það lögð sekt út af sama verkfalli með dómi uppkveðnum í dag í málinu nr. 6/1943.

Skaðabótakrafan.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefndu fyrst borin fram sú sýknuástæða, að undir samninginn 1. febr. milli verklyðsfélagsins og hlutafélaganna hafði verið skrifað af hálfu H/f Miðness. Hefði stefnandi með þeirri undirskrift firrt sig rétti til þess að koma síðar fram með kröfur á hendur verklyðsfélaginu út af verkfallinu. Þessu var eindregið mótmælt af hálfu stefnanda og á það bent, að gera hefði þurft um það sérstakan áskilnað, ef bótakröfur allar hefðu þar

með átt að falla niður. Þykir mega fallast á þessa skoðun stefnanda, enda hafði hér verið beitt ólögnum verknaði gegn stefnanda. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Einn dómendanna, Gunnlaugur E. Briem, getur ekki fallið á þessa niðurstöðu, að því er varðar skaðabótakröfuna. Telur hann, að taka beri til greina framangreinda sýknuástæðu stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki við undirskrift samningsins frá 1. febrúar 1943 áskilið sér rétt til að krefjast skaðabóta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber stefndu verklyðsfélagi aðeins að greiða stefnanda bætur fyrir róðrartap m/b Muggs þann 29. janúar og 1. febrúar 1943. Krafa stefnanda fyrir tap þessara tveggja róðra er kr. 2478.48. Er bótakrafan grundvölluð á því, að meðalafli báta í Sandgerði þann 29. janúar 1943 hafi verið 8 skpd. eða 4000 kg. Reiknar hann hvert kg á kr. 0.45, eða samtals kr. 1800.00. Lifur reiknar hann 264 lítra á kr. 1.50, alls kr. 396.00. Hefði hlutur útgerðarmanns þá átt að vera kr. 734.16 fyrir þenna róður. Afla þann 1. febrúar 1943 áætlar hann 16 skpd. eða 8000 kg á kr. 0.45 = kr. 3600.00, auk lifrar, er numið hafi kr. 792.00 og hefði hlutur útgerðarmanns úr þessum róðri þá numið kr. 1744.32. Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum út af fyrir sig, en telur þó, að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tjóns og slits á veiðarfærum og skipi. Þykja bæturnar eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2100.00 og ber að dæma stefnt verklyðsfélag til þess að greiða stefnanda þá upphæð, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að verklyðsfélagið greiði stefnanda í málskostnað kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. H/f Miðness, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.
2. Stefndi, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps, greiði kr. 150.00 í sekt til rikissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Miðness, kr. 2100.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem H/f Miðnes er útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Föstudaginn 22. september 1944.

Nr. 8/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um það, hvort verklýðsfélag hafi stofnað til ólögmeats samúðarverkfalls.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. maí f. á. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Munnlegur flutningur máls þessa fór upphaflega fram 12. okt. f. á., en með úrskurði dómsins 19. okt. s. á. var ákveðið, að uppsögn dóms skyldi frestað unz úrslit væru fengin í málinu nr. 5/1943. Dómur í því máli gekk ekki fyrr en 10. júlí s.l., og hefur nú munnlegur flutningur farið fram af nýju, þar sem svo langt er liðið frá upphaflegum flutningi þess.

Tildrög máls þessa eru þau, að í janúar 1943 kom til kaupdeilu milli Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps og atvinnurekenda suður þar, um kaup og kjör verkafólks í landi. Hófst verkfall þar syðra þann 27. jan. 1943 hjá Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Miðnesi h/f, H/f Garði og Útvegsbændafélagi Gerðahrepps. Verkfall þetta náði fyrst og fremst til verkafólks, er vann almenna verkamannavinnu í landi. En jafnframt náði það til hlutarmanna á vélbátum, er gerðir voru út af nefndum hlutafélögum og félagsmönnum í ofangreindu útvegsbændafélagi, þó engin deila væri um kjör